

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 2011 í máli nr. E-2152/2010:

Ólafur Garðarsson

Ágústa Sigrún Ágústsdóttir

(Bragi Dór Hafþórsson hdl.)

gegn

Arion banka hf.

(Stefán A. Svensson hdl.)

I

Með stefnu birtri hinn 10. mars 2010 höfðu stefnendur mál á hendur stefnda og Kaupþingi banka hf. Við meðferð málsins féllu þeir frá kröfum á hendur hinum síðarnefnda. Í stefnu er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að eftirfarandi ákvæði skuldabréfs nr. 0303-35-005452, útgefið hinn 5. júní 2007, þar sem segir „í eftirtöldum myntum: JPT Hlutfall af lánsfjárhæð 100%“ verði dæmt óskuldbindandi fyrir stefnendur. Til vara er þess krafist að stefnendum verði einungis gert að standa skil á jafnvirði 23.000.000 kr. í japönskum jenum, samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins sjálfs. Verði önnur hvor ofangreindra krafna tekin til greina krefjast stefnendur þess einnig að viðurkennt verði með dómi, að oftekið endurgjald skuli endurgreitt í samræmi við 18. og 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Í báðum tilvikum er þess krafist að vaxtaákvörðun stefnda á breytilegum vöxtum verði dæmd óskuldbindandi og miða skuli við þá vexti sem bréfið ber með sér. Enn fremur er krafist málskostnaðar. Af hálfu stefnda er krafist sýknu og greiðslu málskostnaðar.

Í þinghaldi hinn 15. nóvember sl. lagði lögmaður stefnenda fram bókun, þar sem þess var krafist að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins á eftirfarandi:

„1. Samræmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins nr. 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, að samningsskilmáli staðlaðs lánasamnings fjármálafyrirtækis við neytanda, um verðtryggingu miðað við gengi gjaldmiðla, sem dæmdur er ólögmaður, hafi þau áhrif að ekki verði byggt á öðrum skilmálum samningsins varðandi vexti, þótt algert frelsi ríki um ákvörðun almennra vaxta í aðildarríkinu, og samningurinn verði því endurreiknaður með þeim afleiðingum að uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins hækka, enda sé þá miðað við reglu landsréttar þess efnis að þegar greiða beri vexti en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun sé að öðru leyti ekki tiltekin, skuli þeir vextir gilda sem birtir eru samkvæmt ákvörðun seðlabanka aðildarríkisins, afturvirkir frá stofndegi

samningsins og til loka samnings, sem eru mun hærri en þeir vextir sem miðað var við í samningi lánveitanda og lántaka, til kostnaðarauka fyrir neytanda?

2. Ef svarið við framangreindri spurningu er neikvætt, er íslenska ríkið þá skaðabótaskyldt gagnvart neytanda, sem í ósamræmi við ofangreinda tilskipun hefur orðið fyrir kostnaðaraukningu, vegna slíkrar reglu, á þeirri forsendu að ríkið hafi ekki staðið réttilega að innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt?“

Í tilefni af framkominni ósk stefnenda var aðilum gefinn kostur á að tjá sig um álitafnið. Að loknum munnlegum málflutningi hinn 12. janúar sl. var krafa stefnenda tekin til úrskurðar.

II

Málavextir

Stefnendur gáfu hinn 5. júní 2007 út skuldabréf til Kaupþings banka ehf. Skuldabréfið ber yfirskriftina: „ERLENT MYNTKÖRFULÁN, GENGISTRYGGT MEÐ BREYTILEGUM ERLENDUM VÖXTUM, VEÐ Í FASTEIGN, BREYTILEG MYNTKARFA.“ Var þess getið í skuldabréfinu að skuldari viðurkenndi með undirskrift sinni á skuldabréfið að skulda bankanum *in solidum* jafnvirði 23.000.000 íslenskra króna á kaupdegi í japönskum jenum. Lánið var til 25 ára og með gjalddaga á mánaðarfresti. Vextir skyldu reiknast frá kaupdegi. Í þar tilgerðum reitum var þess getið að „grunnvextir“ væru 1,78%, „vaxtaálagið“ 1,3% og „vegnir vextir samtals nú“ 3,08%. Í 1. gr. skilmála skuldabréfsins segir: „Í vexti af höfuðstól skuldar þessarar eins og hann er á hverjum tíma, ber skuldara að greiða breytilega vexti eins og þeir eru ákveðnir af Kaupþingi banka hf. á hverjum tíma og tekur það jafnframt til kjörvaxta hvernar myntar og vaxtaálags. Kaupþingi banka hf. er heimilt að breyta vöxtum á 3ja mánaða fresti til samræmis við þá vexti sem gilda gagnvart nýjum sambærilegum og/eða hliðstæðum lánnum. Ákveði Kaupþing banki hf. að breyta vaxtaálagi skuldabréfs þessa verður skuldara tilkynnt um það bréflaga, en vilji skuldari ekki una breytingunni er honum heimilt að greiða skuldina upp með óbreyttu vaxtaálagi innan mánaðar frá dagsetningu tilkynningarinnar. Vexti ber að greiða eftirá, á sama tíma og afborganir. Skuldara er heimilt að greiða upp skuldina á gjalddögum.“

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsettri 21. október 2008, var öllum eignum Kaupþings banka ehf., þ.m.t. kröfuréttindum, ráðstafað til Nýja Kaupþings banka hf. (nú Arion banki hf.).

Stefnendur byggja aðalkröfu sína í fyrsta lagi á því að gengistryggingarákvæði veðskuldabréfsins sé ólöglegt og í andstöðu við ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í öðru lagi er á því byggt að lánasamningurinn sé óskuldbindandi að hluta vegna 36. gr. laga og 36. gr. a.-d. um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Í þriðja er á því byggt að framferði bankans í aðdraganda bankahrunsins (stöðutaka gengi krónunni) og óljós yfirtaka stefnda á kröfunni (óréttmæt auðgun) eigi að leiða til ógildingar samningsákvæða. Jafnframt byggja stefnendur á því að um svokallað *force majeure* tilvik hafi verið að ræða með hruni gjaldmiðilsins og bankakerfisins sem valdi því að þeir geti með réttmætum hætti hlutast til um að samningi verði vikið til hliðar. Varakrafa stefnenda þess efnis að umþrætt skuldabréf skuli greiða með „jafnvirði“

23.000.000 kr. auk vaxta í japönskum jenum er á því byggð að hvergi í bréfinu komi fram nánari útskýring á orðinu jafnvirði. Telja stefnendur að allan vafa um túlkun á því beri að meta þeim í hag og því beri þeim einungis að greiða skuldabréfið í jenum að jafnvirði 23.000.000 kr. Til stuðnings kröfu þess efnis að vaxtaákvörðun stefnda á breytilegum vöxtum verði dæmd óskuldbindandi og miða skuli við þá vexti sem bréfið ber með sér vísa stefnendur til þess að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 og 36. gr. og 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936. Lánasamningur stefnda beri samtals 3,08% vexti sem séu samansettir af 1,78% grunnkjörvöxtum og 1,3% vaxtaálagi. Þeir hafi hækkað með einhliða aðgerðum stefnda og með ólögmaetum hætti í skilningi laga um neytendalán, þar sem ekki hafi verið nægilega tiltekið í samningum, með hvaða hætti vextir gætu breyst á lánstímanum. Ekki komi fram í samningum hvernig samsetningu kjörvaxta beri að hjá stefndu en skv. skilmálum annarra lánastofnana hafi almennt verið miðað við LIBOR millibankavexti. Vísa stefnendur til þess að við setningu laga um neytendalán hafi verið innleidd tilskipun 87/202/EB um samræmingu á lögum og stjórnvaldsfyrirtækjum aðildarríkjanna varðandi neytendalán. Í tilskipuninni komi m.a. fram að samningar skuli vera skriflegir og þar skuli koma fram öll meginatriði sammingsins, þ.e. hverjir skuli vera ársvextir og hvaða gjöld falli á lánið á þeim tíma sem gengið sé frá samningum svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim. Enn fremur vísa stefnendur til þess að með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 6/2009 hafi nefndin staðfest þá niðurstöðu Neytendastofu að vaxtatilgreining stefnda stæðist ekki og væri ólögmaet.

Af hálfu stefnda er í greinargerð á því byggt að umrætt skuldabréf sé ekki í andstöðu við ákvæði vaxtalaga. Skuldabréfið sé ekki lán í íslenskum krónum heldur í erlendri mynt. Stefndi hafnar því að ákvæði 36. gr. samningalaga eigi við í málinu eða að aðrar málsástæður stefnenda leiði til þess að lánasamningurinn sé óskuldbindandi fyrir stefnendur. Hvað varðar varakröfu stefnenda, þess efnis að þeim verði einungis gert að standa skil á jafnvirði 23.000.000 kr. í japönskum jenum, hafnar stefndi því að unnt sé að „snúa við“ efni skuldabréfsins með þeim hætti sem stefnendur vilji. Stefndi telur að krafa stefnenda um að vaxtaákvörðun verði dæmd óskuldbindandi og miða skuli við þá vexti sem bréfið beri með sér sé of óljós en á enga hátt sé rökstutt á hvaða grundvelli vaxtaákvörðun stefnda hafi verið ólögmaet. Hafnar stefndi því að þetta eigi að leiða til þess að vaxtataka sú sem framkvæmd hafi verið sé sem slík ólögmaet.

Eins og fyrr greinir var stefna í máli þessu birt hinn 10. mars 2010. Lagði stefndi fram greinargerð sína 20. apríl 2010. Eftir það hafa dómar gengið í Hæstarétti, sbr. mál nr. 92/2010 og 153/2010 og síðast mál nr. 471/2010, en í þeim öllum var talið að ákvæði lánsamninga í íslenskum krónum sem bundnir væru við gengi erlendra gjaldmiðla brytu í bága við ófrávíkjanlegar reglur 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Í síðastgreinda dóminum, sem kveðinn var upp 16. september sl., taldi rétturinn að bein og órjúfanleg tengsl væru milli ólögmaetra skilmála umdeilds skuldabréfs um gengistryggingu lánsins og fyrirmæla þess um vexti. Væri því hvorki unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt, né gefa þeim með skýringu annað inntak. Því yrði með öllu að líta fram hjá ákvæðum sammingsins um vaxtahæð. Þar sem viðkomandi lánsamningur hafi hins vegar kveðið á um að skuldin bæri vexti, væri óhjákvæmilegt að líta svo á að atvik hafi svarað til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu, án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Með vísan til 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, voru vextir því ákveðnir jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón

af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum, og birtir eru samkvæmt 10. gr. sömu laga.

III

Málsástæður aðila vegna kröfu um ráðgefandi álit

Í bókun *stefnenda*, þar sem krafist er ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, kemur fram að í ljósi dóms Hæstaréttar Íslands frá 16. september síðastliðnum í máli nr. 471/2010 þar sem rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að hin ólögsmætu gengistryggðu bílalán skyldu bera vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, séu stefnendur knúnir til þess að krefjast þess við héraðsdóm að hann leiti ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Telja stefnendur að regla sú sem hafi skapast með fyrrgreindum dómi sé í andstöðu við ákvæði m.a. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins nr. 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Þar sem fullt vaxtafrelsi ríki á Íslandi, eigi ekkert að geta komið í veg fyrir að LIBOR (sic) vextir skuldabréfsins gildi áfram þótt viðurkennt verði með dómi að gengistrygging skuldabréfsins sé óskuldbindandi.

Stefnendur vísa til þess að í kröfugerð þeirra í stefnu sé þess krafist að viðurkennt verði með dómi að miða skuli við þá vexti sem samningurinn sjálfur beri með sér. Lánveitingin sem málið snúist um sé ótvírætt neytendasamningur í skilningi 36. gr. a samningalaga nr. 7/1936. Telja stefnendur að breyting á samningi með dómi verði aðeins byggð á sjónarmiðum 36. gr. og 36. gr. c. samningalaga. Á meðan fyrrnefnt ákvæði geymir almenna reglu um þetta álitafni, geymi það síðarnefnda sérreglu um neytendasamninga skv. skýru orðalagi sínu og löggjafarsögu. Sú regla eigi rætur í tilskipun 93/13/ESB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum sem sé hluti af EES-samningnum. Ákvæði 36. gr. c sé samhljóða 36. gr., nema hvað hún setji heimildinni til að breyta samningi þrengri skorður sé niðurstaða breytingarinnar neytanda í óhag. Þannig megi ekki, ef svo standi á, líta til atvika sem hafi gerst eftir samningsgerð við mat á því hvort samningurinn sé ósanngjarn, sbr. 2. mgr. Auk þessa leiði frekari takmarkanir af efni tilskipunar 93/13/ESB, en bæði skv. 3. gr. laga um EES nr. 2/1993 og því lögskýringarsjónarmiði að lög skuli skýrð til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar beri að líta til tilskipunarinnar við skýringu 36. gr. c.

Hvað varðar síðari spurninguna vísa stefnendur til þess að sé framangreindur skilningur réttur, gæti niðurstaða Hæstaréttar falið í sér brot á tilskipuninni og þ.a.l. skuldbindingum íslenska ríkisins skv. EES-samningnum. Staðfesti Eftirlitsstofnum EFTA og síðan EFTA-dómstóllinn þann skilning, fælist e.t.v. í því að tilskipunin hefði verið ranglega innleidd í íslenskan rétt, eða að dómurinn væri efnislega andstæður EES-rétti. Afleiðing rangrar innleiðingar kunni

að leiða til þess, að allir þeir sem ranglega þurfi nú að greiða hærri vexti en samningsvexti á grundvelli dómsniðurstöðu Hæstaréttar gætu gert skaðabótakröfu á hendur íslenska ríkinu fyrir það tjón sem þeir hefðu orðið fyrir af þeim sökum. Sé því farið fram á það við héraðsdóm að hann beiti sér í þeim mæli að tryggja að rétt niðurstaða fái í málið, m.a. á grundvelli þeirra heimilda sem EES-rétturinn bjóði upp á.

Stefndi krefst þess að beiðni stefnenda um að leitað verði ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins verði hafnað.

Stefndi byggir kröfu sína á því að ekki séu lagaskilyrði til að leita álit EFTA-dómstólsins. Skilyrði þess að aflað sé álit dómstólsins samkvæmt 1. gr. laga nr. 21/1994 sé að rekið sé mál fyrir héraðsdómi þar sem taka þurfi afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem getið er í viðaukunum. Ekki verði séð að málalíbúnaður sóknaraðila, eða varnaraðila, sé með þeim hætti að reyni sérstaklega á þá túlkun EES-réttar sem liggja til grundvallar fyrirbyggjandi beiðni um ráðgefandi álit. Nánar tiltekið séu ekki hafðar uppi neinar kröfur og/eða málsástæður í málinu um hvaða vexti umþrætt skuldabréf eigi að bera verði fallist á aðal- eða varakröfu stefnenda. Krafa þeirra í málinu varðandi vexti og málsástæður er liggja henni til grundvallar lúti að rétti stefnda til að breyta vöxtum á gildistíma umþrætt skuldabréfs (svokallaðir „breytilegir vextir“) en sá ágreiningur sé af allt annarri rót runninn en sá sem liggja til grundvallar beiðni stefnenda um ráðgefandi álit, sbr. einnig orðalag kröfufullvarðarins um að þess sé „krafist að vaxtaákvörðun stefndu á breytilegum vöxtum verði dæmd óskuldbindandi og miða skuli við þá vexti sem bréfið ber með sér“, þ.e. þannig að vextirnir séu ekki breytilegir á gildistíma lánasamningsins.

Af hálfu stefnda er jafnframt á því byggt að sú regla leiði af gildandi íslenskum lögum, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 471/2010, að ógildi ákvæðis um gengistryggingu, sbr. meðal annars aðalkröfu stefndu, leiði til þess, sbr. og almenn forsendusjónarmið, að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samnings um vaxtahæð og atvik svari þannig til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir vextirnir væru. Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, skulu vextir þegar svo standi á vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir séu samkvæmt 10. gr. laganna. Ekki verði séð að stefnendur hafi sérstaka lögvarða hagsmuni af því, í fyrirbyggjandi réttarágreiningu, að fá úr því skorið hvort framangreind réttarstaða að íslenskum rétti, samkvæmt skýru dómafordæmi Hæstaréttar, samrýmist skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Jafnvel þótt talið yrði að íslenskur réttur væri í andstöðu við EES-rétt fengi það engu breytt um réttarstöðu stefnda gagnvart stefnanda, sbr. meðal annars tvíeðliskenningu lands- og þjóðaréttar. Þvert á móti gæti slíkt einungis skapað hugsanlegan bótagrundvöll gagnvart íslenska ríkinu.

Niðurstaða

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1994 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu á samningi um Evrópska efnahagssvæðið getur dómari kveðið upp úrskurð, í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlits stofnunar og dómstóls, um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í máli þar sem taka þarf afstöðu til skýringar á fyrrgreinda samningnum, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum, sem í viðaukunum er getið, um skýringu á því atriði málsins áður en málið er til lykta leitt. Heimildin er samkvæmt framangreindu takmörkuð við að taka þurfi afstöðu í málinu til þess hvernig umræddur samningur eða tilskipanir sem á honum byggjast verði skýrðar.

Í máli þessu krefjast stefnendur þess m.a., verði aðalkrafa eða varakrafa þeirra tekin til greina, að vaxtaákvörðun stefnda á breytilegum vöxtum samkvæmt skuldabréfi sem stefnendur gáfu út hinn 5. júní 2007, verði dæmd óskuldbindandi og miðað skuli við þá vexti sem bréfið beri með sér. Í stefnu er þessi krafa byggð á þeirri málsástæðu að stefndi hafi, með því að hækka vextina einhliða, brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 og 36. gr. og 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936 þar sem ekki hafi verið nægilega tiltekið í samningum með hvaða hætti vextir gætu breyst á lánstímanum. Ekki er í stefnu á því byggt, líkt og í bókun stefnenda með ósk um ráðgefandi álit, að þar sem fullt vaxtafrelsi ríki á Íslandi geti ekkert komið í veg fyrir að vextir skuldabréfsins gildi áfram þótt viðurkennt verði með dómi að gengistrygging skuldabréfsins sé óskuldbindandi og gagnstæð niðurstaða kunni að fara gegn þar tilgreindum ákvæðum samningalaga og tilskipun 93/13/ESB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Af hálfu stefnda eru ekki hafðar uppi neinar kröfur um hvaða vexti umþrætt skuldabréf skuli bera verði ekki fallist á kröfu hans um sýknu. Eins og mál þetta liggur fyrir kemur því ekki til úrlausnar hvort reikna skuli vexti í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 471/2010 fari svo að fallist yrði á aðal- eða varakröfu stefnenda. Hefur því skýring á ákvæðum tilskipunar nr. 93/12/EBE ekki þýðingu fyrir niðurstöðu málsins. Eru því ekki uppfyllt skilyrði 1. gr. laga nr. 21/1994 til þess að aflað sé ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og ber því að hafna kröfu stefnenda þess efnis.

Kolbrún Sævarsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurðinn.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hafnað er kröfu stefnenda, Ólafs Garðarssonar og Ágústu Sigrúnar Ágústsdóttur, um að aflað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins.

Kolbrún Sævarsdóttir.

